

Kenndu börnunum



## Kenndu börnunum

” Þú skalt elska Drottin, Guð þinn, af öllu hjarta þínu, allri sálu þinni og af öllum mætti þínum. Þessi orð, sem ég boða þér í dag, skulu vera þér hugföst. Þú skalt brýna þau fyrir börnunum þínum. Þú skalt hafa þau yfir þegar þú situr heima og þegar þú ert á faraldsfæti, þegar þú leggst til svefnis og þegar þú ferð á fætur. “

– 5. MÓSEBÓK 6:5-7.

# Efnisyfirlit

KAFLI		BLS.
1	Leyndarmál sem gleður okkur mikið.....	4
2	Rebekka vildi gleðja Jehóva .....	6
3	Rahab trúði á Jehóva .....	8
4	Hún gladdi bæði föður sinn og Jehóva .....	10
5	Samúel gerði það sem var rétt .....	12
6	Davíð var ekki hræddur .....	14
7	Ertu stundum einmana og hræddur? .....	16
8	Jósía átti góða vini .....	18
9	Jeremía vildi ekki hætta að segja öðrum frá Jehóva .....	20
10	Jesús var alltaf hlýðinn .....	22
11	Þeir skrifuðu um Jesú .....	24
12	Frændi Páls var hugrakkur .....	26
13	Tímóteus langaði til að hjálpa fólki .....	28
14	Ríki sem fer með stjórn yfir allri jörðinni .....	30



# Leyndarmál sem gleður okkur mikið

**Hefur þér einhvern tíma verið sagt eitthvað sem enginn annar fékk að vita? – \* Það er kallað leyndarmál af því að annað fólk veit ekki um það. Í Biblíunni er talað um mjög sérstakt leyndarmál sem er kallað „leyndardómur“. Það er sérstakt af því að það er frá Guði. Jafnvel englarnir vildu fá að vita meira um það. **Langar þig til að vita hvaða leyndarmál þetta er? –****

Fyrir langalöngu skapaði Guð fyrsta manninn og konuna. Þau hétu Adam og Eva. Guð gaf þeim fallegt heimili sem var kallað Edengarðurinn. Adam og Eva og

\* Í þessum sögum muntu sjá strik eins og þetta (–) í lok nokkurra spurninga. Það er vísbending um að gott sé að stoppa lesturinn og leyfa barninu að svara.

börnin þeirra hefðu getað gert alla jörðina að paradís, eins og Edengarðurinn var, ef þau hefðu hlýtt Guði. Og þau hefðu getað lifað í þessari paradís að eilífu. **En manstu hvað Adam og Eva gerðu? –**

Adam og Eva hlýddu ekki Guði og þess vegna lifum við ekki í paradís núna. En Guð lofar að gera alla jörðina fallega og þá fá allir að lifa að eilífu og vera gladdir. En hvernig ætlar hann fara að því? Lengi vel vissi fólk það ekki. Það var leyndarmál.

Þegar Jesús var á jörðinni hjálpaði hann fólki að skilja þetta leyndarmál betur og sagði að það tengdist ríki Guðs. Jesús sagði fólki að biðja til Guðs um að þetta ríki kæmi. Ríki Guðs á eftir að breyta jörðinni í fallega paradís.

**Finnst þér ekki spennandi að vita um þetta leyndarmál? –** Mundu að aðeins þeir sem hlýða Jehóva fá að lifa í paradís. Í Biblíunni getum við lesið margar sögur um menn og konur sem hlýddu Jehóva. **Langar þig til að kynnst þeim? –** Við skulum lesa um sum þeirra og sjá hvernig við getum líkt eftir þeim.

## LESTU Í BIBLÍUNNI ÞINNI

Markús 4:11

1. Pétursbréf 1:12

1. Mósebók 1:26-28; 2:8, 9;  
3:6, 23

Matteus 6:9, 10

Sálm 37:11, 29

Hvað heldurðu að englana hafi langað til að fá að vita?



**SPURNINGAR:**

- Af hverju er jörðin ekki paradís núna?
- Frá hverjum er leyndarmálið sem talað eru um í Biblíunni?
- Hvað sagði Jesús um þetta leyndarmál?
- Hvað verður þú að gera til að fá að lifa í paradís?

## Rebekka vildi gleðja Jehóva

Rebekka var ung kona sem elskaði Jehóva Guð. Maðurinn hennar, sem hét Ísak, elskaði líka Jehóva. En hvernig kynntust Rebekka og Ísak? Og hvernig sýndi Rebekka að hún vildi gleðja Jehóva? Við skulum lesa um það og kynnst henni betur.

Ísak bjó með foreldrum sínum, Abraham og Söru, í Kanaanslandi. Fólkið þar tilbað ekki Jehóva. En Abraham vildi samt að Ísak giftist konu sem trúði á Jehóva. Hann sendi því þjón sinn, líklega Elíeser, til að finna konu handa Ísak. Nokkrir ættingjar Abrahams áttu heima í borginni Harran og Abraham sagði Elíeser að fara þangað.

Abraham sendi fleiri þjóna sína með Elíeser í þessa löngu ferð. Þeir tóku með sér tíu úlfalda sem báru mat og gjafir. En hvernig átti Elíeser að vita hvaða konu hann átti að velja handa Ísak? Þegar Elíeser og hinir þjónarnir komu til Harran stoppuðu þeir við brunn. Elíeser vissi að bráðum kæmu konur að brunnum til að sækja vatn. Hann fór því með bæn til Jehóva og sagði: 'Ég ætla að biðja unga konu að gefa mér vatn að drekka. Ef hún gefur bæði mér og úlföldum mínum vatn, þá veit ég að hún er sú sem þú hefur valið.'



Rebekka sótti fúslega vatn handa öllum úlföldunum.

Á sama augnabliki kom hin unga Rebekka að brunninum. Í Biblíunni segir að hún hafi verið mjög falleg kona. Elíeser bað hana að gefa sér vatn að drekka og hún svaraði: „Já, auðvitað. Ég skal sækja vatn handa þér. Og ég skal líka sækja vatn handa úlföldunum.“ Hugsaðu þér! Þegar úlfaldar eru þyrstir drekka þeir ósköpin öll af vatni. Rebekka þurfti því að hlaupa margar ferðir að brunninum til að sækja vatn. **Sérðu á myndinni hvað hún leggur hart að sér?** – Elíeser var allveg orðlaus yfir því hvernig Jehóva svaraði bæn hans.

Elíeser gaf Rebekku margar fallegar gjafir. Hún bauð honum og hinum þjónunum heim til foreldra sinna. Elíeser sagði frá því af hverju Abraham hafði sent hann til Harran og hvernig Jehóva hafði svarað bæn hans. Fjölskylda Rebekku vildi gjarnan að hún giftist Ísak.

**En heldurðu að Rebekka hafi viljað giftast Ísak?** – Rebekka vissi að Jehóva hafði sent Elíeser til þeirra. Og þegar fjölskylda hennar spurði hana hvort hún



vildi fara til Kanaanslands og giftast Ísak svaraði hún: „Já, það vil ég.“ Hún lagði strax af stað með Elíeser og þegar þau komu til Kanaanslands giftist hún Ísak.

Rebekka gerði það sem Jehóva vildi að hún gerði og þess vegna annaðist hann hana og blessaði. Hún hlaut meðal annars þá blessun að vera ættmóðir Jesú! Ef þú gleður Jehóva, eins og Rebekka gerði, mun hann líka annast þig og blessa þig.

#### SPURNINGAR:

- Hver var Rebekka?
- Af hverju vildi Abraham ekki að Ísak giftist konu frá Kanaanslandi?
- Hvernig vissi Elíeser að hann átti að velja Rebekku til að giftast Ísak?
- Hvernig getum við líkt eftir Rebekku?

Rebekka fór með Elíeser til Kanaanslands og giftist Ísak.



Ímyndum okkur að við séum í borginni Jeríkó sem er í Kanaanslandi. Fólkið þar trúir ekki á Jehóva. Í borginni býr kona sem heitir Rahab.

Þegar Rahab var lítil stelpa heyrði hún sögur af því hvernig Móse klauf Rauðahafið og leiddi Ísraelsmenn út úr Egyptalandi. Hún heyrði líka af því hvernig Jehóva hjálpaði Ísraelsmönnum að sigra óvinarþjóðir í stríði. Núna fréttir hún að Ísraelsmenn hafi sett upp tjöld nálægt Jeríkó.

Kvöld eitt fara tveir Ísraelsmenn inn í Jeríkó til að njósna um borgina. Þeir koma að húsinu hennar Rahab. Hún býður þeim að koma inn og dvelja hjá sér. Seinna um kvöldið fréttir konungurinn í Jeríkó að það séu njósnarar í borginni og

að þeir hafi farið heim til Rahab. Hann sendir því menn til að sækja þá. En Rahab felur njósnarana uppi á flötu þaki hússins og segir við menn konungs: ‚Njósnararnir eru ekki lengur hér, þeir eru farnir úr borginni. Ef þið flýtið ykkur getið þið náð þeim.‘ **Veistu af hverju Rahab verndar njósnarana?** – Af því að hún trúir á Jehóva og veit að hann ætlar að gefa Ísraelsmönnum Kanaansland.

Áður en njósnararnir fara frá Rahab lofa þeir henni að hún og fjölskylda hennar verði óhult þegar Jeríkó verður eytt. **Veistu hvað þeir segja henni að gera?** – Þeir segja við hana: ‚Taktu þetta rauða reipi og láttu það hanga niður úr glugganum þínum. Ef þú gerir það bjargast allir í húsinu.‘ Rahab gerir nákvæmlega það sem njósnararnir segja henni að gera. **Veistu hvað gerist svo?** –

Nokkrum dögum síðar ganga Ísraelsmenn í kringum Jeríkó. Enginn þeirra segir orð. Þetta gera þeir einu sinni á dag, sex daga í röð. En sjöunda daginn ganga þeir sjö sinnum í kringum borgina. Síðan hrópa þeir allir mjög hátt. Þá lætur Jehóva borgarmúrana hrynja til grunna. En húsið, þar sem rauða reipið hangir út um gluggann, stendur enn. **Sérðu það á myndinni?** – Rahab og fjölskylda hennar er borgið!

#### LESTU Í BIBLÍUNNI ÞÍNNI

Jósúabók 2:1-24;  
6:1-5, 14, 15, 20-25  
Hebreaþréfið 11:31





Rahab verndaði njósnarana af því að hún trúði á Jehóva.

**Hvað getur þú lært af Rahab? –** Rahab trúði á Jehóva vegna þess að hún hafði heyrt um allt það stórkostlega sem hann hafði gert. Þú ert líka að læra stórkostlega hluti um Jehóva. **Trúir þú á hann eins og Rahab gerði? –** Það gerirðu örugglega.



Jehóva bjargaði Rahab og fjölskyldu hennar.

#### SPURNINGAR:

- Hvaða sögur heyrði Rahab þegar hún var lítil stelpa?
- Hvernig hjálpaði hún ísraelsku njósnurunum? Af hverju hjálpaði hún þeim?
- Hverju lofuðu njósnararnir Rahab?
- Hvað getur þú lært af Rahab?

# Hún gladdi bæði föður sinn og Jehóva

**Sérðu stelpuna á myndinni?** – Hún er dóttir manns sem heitir Jefta. Það stendur ekki í Biblíunni hvað stelpa heitir en við vitum samt að hún gladdi bæði föður sinn og Jehóva. Við skulum lesa um hana og um Jefta, föður hennar.

Jefta var góður maður og notaði hvert tækifæri til að kenna dóttur sinni að elska Jehóva. Hann var líka sterkur maður og góður leiðtogi. Ísraelsmenn báðu hann því að hjálpa sér að berjast við óvinina.

Jefta bað Jehóva um hjálp til að sigra óvinina og lofaði í staðinn að gefa honum þann fyrsta sem hann hittir þegar hann kæmi aftur heim. Það þýddi að sá sem hann hittir fyrst myndi búa og vinna í tjaldbúðinni það sem eftir væri ævinnar.

Jefta kenndi dóttur sinni að elska Jehóva.



## LESTU Í BIBLÍUNNI ÞINNI

5. Mósebók 6:4-6

Dómarabókina 11:30-40

1. Korintubrэф 7:32-34

Hvaða loforð er Jefta að gefa Jehóva?

Tjaldbúðin var staður þangað sem Ísraelsmenn fóru til að tilbiðja Guð. Jehóva svaraði bæn Jefta og hann sigraði óvinina! **Hver var sá fyrsti sem tók á móti Jefta þegar hann kom aftur heim? –**

Það var dóttir hans. Hún var eina barnið hans og nú þurfti hann að senda hana að heiman. Jefta var mjög leiður út af þessu. En mundu að hann var búinn að gefa Jehóva loforð. Dóttir hans sagði þá við hann: „Pabbi, þú gafst Jehóva loforð svo að þú verður að standa við það.“

Dóttir Jefta var samt líka leið. Ef hún ætti að búa og vinna í tjaldbúðinni gæti hún hvorki gifst né eignast börn. En hún vildi halda loforð föður síns og gleðja Jehóva meira en nokkuð annað. Það skipti hana meira máli en að giftast eða eignast börn. Hún fór því að heiman og bjó í tjaldbúðinni það sem eftir var ævinnar.

**Heldurðu að það sem hún gerði hafi glatt föður hennar og Jehóva? –** Já, svo sannarlega. Ef þú ert hlýðinn og elskar Jehóva, eins og dóttir Jefta gerði, getur þú líka glatt foreldra þína og Jehóva.



Dóttir Jefta hélt loforð föður síns þótt það væri ekki auðvelt.



Á hverju ári fékk dóttir Jefta heimsókn frá vinkonum sínum.

#### SPURNINGAR:

- Hver var Jefta? Hvaða loforð gaf hann?
- Af hverju var erfitt fyrir dóttur Jefta að halda loforð föður síns?
- Hvað vildi dóttir Jefta gera meira en nokkuð annað?
- Hvernig getur þú líkt eftir dóttur Jefta?



## Samúel gerði það sem var rétt

Samúel bjó og vann í tjaldbúðinni þangað sem fólk fór til að tilbiðja Jehóva. En hvers vegna bjó Samúel í tjaldbúðinni allt frá unga aldri? Áður en við skoðum það skulum við kynnst móður Samúels. Hún hét Hanna.

Hönnu langaði mikið til að eignast barn en hún gat það ekki. Í bæn til Jehóva bað hún ákaft um hjálp. Hún lofaði Jehóva að ef hún eignaðist son myndi hann búa og vinna í tjaldbúðinni. Jehóva svaraði bæn hennar og hún eignaðist son. Hún gaf honum nafnið Samúel. Og þegar Samúel var þriggja eða fjögurra ára fór Hanna með hann í tjaldbúðina þar sem hann átti að þjóna Guði, alveg eins og hún hafði lofað.

Æðsti presturinn í tjaldbúðinni hét Elí. Synir hans tveir voru líka prestar og unnu með honum í tjaldbúðinni. Mundu að tjaldbúðin var samkomuhúsið þar sem Jehóva Guð var tilbeðinn og þess vegna á fólk að hegða sér vel þar. En synir Elí gerðu margt sem var illt. Samúel sá hvað þeir gerðu. **Byrjaði Samúel að hegða sér illa eins og synir Elí?** – Nei, hann hélt áfram að gera það sem var rétt alveg eins og foreldrar hans höfðu kennt honum.

**Hvað finnst þér að Elí hefði átt að gera við syni sína?** – Hann hefði átt að ávíta þá og banna þeim að vinna áfram í húsi Guðs. En Elí gerði það samt ekki. Þess vegna var Jehóva reiður við hann og báða syni hans og ákvað að refsa þeim.

Nótt eina vaknaði Samúel upp við að einhver kallaði á hann. Hann hljóp til Elí en Elí sagði: ‚Ég kallaði ekki á þig.‘ Eftir að þetta hafði gerst þrisvar sinnum sagði Elí við Samúel að ef hann heyrði kallað á sig einu sinni enn ætti hann að segja: ‚Tala þú, Jehóva, ég hlusta.‘ Samúel gerði það. Jehóva sagði þá við hann: ‚Segðu Elí að ég ætla að refsa fjölskyldu hans fyrir allt það illa sem hún hefur gert.‘ **Heldurðu að það hafi verið auðvelt fyrir Samúel að segja Elí frá því**

### LESTU Í BIBLÍUNNI ÞINNI

1. Samúelsbók 2:22-26;  
3:1-21



**Samúel sagði Elí frá því sem Jehóva ætlaði að gera.**

**sem Jehóva ætlaði að gera?** – Nei, það var ekki auðvelt. Samúel var hræddur en hann gerði samt það sem Jehóva sagði honum að gera. Og orð Jehóva rættust þegar synir Elí féllu í bardaga og Elí dó stuttu síðar.

Samúel er okkur góð fyrirmynd. Hann gerði það sem var rétt jafnvel þótt hann sæi annað fólk hegða sér illa. Hvað um þig? Ætlar þú að vera eins og Samúel og gera alltaf það sem er rétt? Ef þú gerir það verður Jehóva glaður og foreldrar þínir líka.



**SPURNINGAR:**

- Hvaða loforð gaf móðir Samúels?
- Hvernig höguðu synir Elí sér í tjaldbúðinni?
- Hvað sagði Jehóva Samúel að gera?
- Af hverju er Samúel okkur góð fyrirmynd?

## Davíð var ekki hræddur

**Hvað gerirðu þegar þú ert hræddur?** – Talarðu þá kannski við mömmu þína og pabba? Það er líka til annar sem getur alltaf hjálpað þér. Hann er sterkari en allir aðrir. **Veistu hver það er?** – Það er Jehóva Guð. Við skulum nú tala um ungann mann í Biblíunni sem hét Davíð. Hann vissi að Jehóva myndi alltaf hjálpa sér og þess vegna var hann ekki hræddur.

Foreldrar Davíðs kenndu honum að elska Jehóva frá því að hann var lítið barn. Það hjálpaði honum að vera ekki hræddur, meira að segja þegar hann var í hættu staddur. Hann vissi að Jehóva var vinur sinn og að hann myndi hjálpa sér. Einu

sinni þegar Davíð var að passa kindur kom stórt ljón og tók eitt lambið. Veistu hvað Davíð gerði þá? Hann hljóp á eftir ljóninu, greip í makkann á því og drap það! Og þegar skógarbjörn réðst á kindurnar hans, drap Davíð hann líka! **Hver heldurðu að hafi hjálpað Davíð?** – Það var Jehóva.

Davíð var líka mjög hugrakkur þegar Ísraelsmenn börðust við þjóð sem hét Filistear. Einn hermaður Filistea var rosalega stór, hann var risi! Hann hét Golíat. Þessi risi gerði grín að hermönnum Ísraels og líka að Jehóva. Hann skoraði á hermenn Ísraels að koma og berjast við sig. En enginn Ísraelsmaður þorði að berjast við hann. Þegar Davíð frétti það sagði hann við Golíat: „Ég skal berjast við þig! Jehóva hjálpar mér og ég mun sigra þig!“ **Var Davíð ekki hugrakkur?** – Jú, hann var mjög hugrakkur. Veistu hvað gerðist svo?

Davíð tók slöngvuna sína og fimm steina og fór til að berjast við risann. Þegar Golíat sá að Davíð var bara unglingur gerði hann líka grín að honum. En Davíð sagði við hann: „Þú kemur á móti mér með sverð en ég kem á móti þér í nafni Jehóva!“ Síðan setti hann stein í slöngvuna, hljóp í átt að risanum og kastaði steininum í hann. Steinninn hitti Golíat beint í

LESTU Í BIBLÍUNNI ÞINNI

Sálm 56:4, 5

1. Samúelsbók 17:20-54



Davíð var ekki hræddur því að hann vissi að Jehóva myndi hjálpa sér.

ennið og hann datt dauður niður. Filiste-arnir urðu svo hræddir að þeir hlupu allir í burtu. **Hvernig gat Davíð, sem var bara unglingur, sigrað risa?** – Jehóva hjálpaði honum. Jehóva var miklu sterkari en þessi risi.

**Hvað geturðu lært af sögunni um Davíð?** – Jehóva er miklu sterkari en allir aðrir. Og hann er líka vinur þinn. Mundu þess vegna að Jehóva getur hjálpað þér að vera hugrakkur þegar þú verður hræddur.

#### SPURNINGAR:

- Hvað gerði Davíð þegar ljón og skógarbjörn réðust á kindurnar hans?
- Hvað sagði Davíð þegar Golíat gerði grín að Jehóva?
- Hvernig sigraði Davíð Golíat?
- Hvers vegna var Davíð ekki hræddur við ljónið, skógarbjörninn og risann?
- Hvað geturðu lært af sögunni um Davíð?

## Ertu stundum einmana og hræddur?

Hvernig heldurðu að honum líði?

Sjáðu litla strákinn á myndinni. Hann virðist vera einmana og hræddur. **Hefur þú einhvern tíma verið einmana og hræddur?** – Það eru það allir einhvern tíma. Í Biblíunni er hægt að lesa um vini Jehóva sem voru stundum einmana og hræddir. Einn þeirra var Elía. Við skulum lesa um hann.

Elía bjó í Ísrael fyrir langalöngu, mörgum öldum áður en Jesús fæddist. Akab, konungur Ísraels, tilbað ekki hinn sanna Guð, Jehóva. Akab og Jesebel, konan hans, tilbáðu Baal sem var falsguð. Flestir í Ísrael byrjuðu þá líka að tilbiðja Baal. Jesebel drottning var mjög vond kona og vildi drepa alla sem tilbáðu Jehóva. Hún vildi því líka drepa Elía! **Veistu hvað Elía gerði þá?** –

Elía lagði á flóttu. Hann fór langt inn í eyðimörkina og faldi sig í helli. **Af hverju gerði hann það?** – Hann var svo

Jesebel vildi drepa Elía.

### LESTU Í BIBLÍUNNI ÞINNI

- 1. Konungabók 19:3-18
- Sálm 145:18
- 1. Pétursbréf 5:9



hræddur. En Elía þurfti samt ekki að vera hræddur. Af hverju ekki? Af því að hann vissi að Jehóva gæti hjálpað sér. Elía hafði áður fengið að sjá mátt Jehóva. Jehóva hafði einu sinni svarað bæn hans með því að láta eld koma af himni. Auðvitað gæti Jehóva líka hjálpað Elía í þetta skipti.

Á meðan Elía var í hellinum talaði Jehóva við hann og spurði: ‚Hvað ertu að gera hér?‘ Elía svaraði: ‚Ég er sá eini sem tilbið þig. Ég er aleinn og ég er hræddur um að verða drepinn.‘ Elía hélt að það væri búið að drepa alla hina sem tilbáðu Jehóva. En Jehóva sagði við hann: ‚Það er ekki rétt. Það eru enn þá 7.000 manns sem tilbiðja mig. Vertu hugrakkur. Ég hef enn verk handa þér að vinna.‘ **Heldurðu að Elía hafi ekki verið glaður að heyra það? –**

**Hvað geturðu lært af frásögunni af Elía? –** Í rauninni þarftu aldrei að vera einmana og hræddur. Þú átt vini sem elska Jehóva og þeir elska þig líka. Þar að auki er Jehóva sterkur og máttugur og hann mun alltaf hjálpa þér. **Finnst þér ekki gott að vita að þú ert í rauninni aldrei einn því að Jehóva er alltaf með þér? –**

#### SPURNINGAR:

- Hvaða guð tilbáðu flestir Ísraelsmenn á dögum Elía?
- Af hverju lagði Elía á flóttu og faldi sig í helli?
- Hvað sagði Jehóva við Elía?
- Hvað getum við lært af frásögunni af Elía?



Hvernig hjálpaði Jehóva Elía?



## Jósía átti góða vini


**Finnst þér erfitt að gera það sem er rétt?** – Flestum finnst það. Í Biblíunni er sagt frá því að það var sérstaklega erfitt fyrir strák sem hét Jósía. Hann átti samt góða vini sem hjálpuðu honum. Við skulum kynnst Jósía og vinum hans betur.

Faðir Jósía var Amón, Júdakonungur. Amón var mjög vondur maður og tilbað skurðgoð. Þegar hann dó varð Jósía konungur í Júda, aðeins átta ára gamall! **Heldurðu að hann hafi verið vondur eins og faðir hans?** – Nei, hann var ekki vondur.

Allt frá því að Jósía var lítill strákur langaði hann til að hlýða Jehóva. Hann vildi því bara vera vinur þeirra sem elsk-

uðu Jehóva. Vinir Jósía hjálpuðu honum að gera það sem var rétt. En hverjir voru þeir?

Einn vinur hans hét Sefanía og var spámaður. Sefanía sagði fólkinu í Júda að það þyrfti að hætta að tilbiðja skurðgoð,



Sefanía varaði fólkið við því að tilbiðja skurðgoð.

LESTU Í BIBLÍUNNI ÞINNI

2. Kroníkubók 33:21-25;  
34:1, 2; 35:25

annars færi illa fyrir því. Jósía hlustaði á Sefanía og tilbað Jehóva en ekki skurðgoð.

Annar vinur Jósía hét Jeremía. Þeir voru á svipuðum aldri og áttu heima nálægt hvor öðrum þegar þeir voru strákar. Þeir voru svo góðir vinir að þegar Jósía dó orti Jeremía sérstakt ljóð um það hve sárt hann saknaði hans. Jeremía og Jósía hjálpuðu hvor öðrum að gera það sem var rétt og hlýða Jehóva.

**Hvað geturðu lært af Jósía?** – Jósía vildi gera það sem var rétt jafnvel þegar hann var lítill strákur. Hann vissi að hann ætti að vera vinur þeirra sem elskuðu Jehóva. Leggðu þig fram um að velja þér vini sem elska Jehóva og geta hjálpað þér að gera það sem er rétt.



Jósía og Jeremía hjálpuðu hvor öðrum að gera það sem var rétt.

#### SPURNINGAR:

- Hver var faðir Jósía? Gerði hann það sem var rétt?
- Hvað vildi Jósía gera allt frá því að hann var lítill strákur?
- Hvað hétu tveir vinir Jósía?
- Hvað geturðu lært af Jósía?




## Jeremía vildi ekki hætta að segja öðrum frá Jehóva

Stundum gerir fólk grín að okkur eða verður reitt við okkur þegar við segjum því frá Jehóva Guði. Þá langar okkur kannski til að hætta að tala um hann. **Hefur þig einhvern tíma langað til þess?** – Í Biblíunni er talað um ungan mann sem elskaði Jehóva en hætti næstum því að segja öðrum frá honum. Hann hét Jeremía. Við skulum kynnst honum betur.

Þegar Jeremía var ungur bað Jehóva hann að segja fólkinu að hætta að gera það sem er illt. Það var erfitt fyrir Jeremía og hann var mjög hræddur. Hann sagði við Jehóva: ‚Hvað á ég að segja fólkinu? Ég er bara strákur.‘ En Jehóva sagði: ‚Vertu ekki hræddur. Ég skal hjálpa þér.‘

### LESTU Í BIBLÍUNNI ÞINNI

Jeremía 1:4-8;  
20:7-9; 26:8-19, 24; 38:6-13




Af hverju eru mennirnir reiðir við Jeremía?



Jeremía sagði því fólkinu að því yrði refsað ef það breytti ekki hegðun sinni. **Gerði fólkioð það sem Jeremía sagði því að gera?** – Nei. Það gerði grín að honum eða varð mjög reitt við hann. Sumir vildu meira að segja drepa hann! **Hvernig heldurðu að Jeremía hafi liðið?** – Hann var hræddur og sagði: ‘Ég ætla aldrei aftur að tala um Jehóva.’ **En gafst hann alveg upp?** – Nei, hann gerði það ekki. Hann elskaði Jehóva svo heitt að hann vildi ekki hætta að tala um hann. Og Jehóva verndaði Jeremía af því að hann gafst ekki upp.

Einu sinni köstuðu vondir menn Jeremía ofan í djúpa gryfju sem var full af leðju. Hann hafði hvorki mat né vatn. Mennirnir vonuðust til að Jeremía myndi deyja þarna í gryfjunni. En með hjálp Jehóva var honum bjargað.

**Hvað geturðu lært af Jeremía?** – Jafnvel þótt hann væri stundum hræddur vildi hann samt ekki hætta að tala um Jehóva. Þegar þú segir öðrum frá Jehóva gera þeir ef til vill grín að þér eða verða reiðir við þig. Þá verður þú kannski vandræðalegur eða hræddur. Gefstu samt aldrei upp á að segja öðrum frá Jehóva. Hann mun alltaf hjálpa þér, alveg eins og hann hjálpaði Jeremía.



Með hjálp Jehóva var Jeremía bjargað.

#### SPURNINGAR:

- Hvað bað Jehóva Jeremía að gera?
- Af hverju hætti Jeremía næstum því að tala um Jehóva?
- Hvernig hjálpaði Jehóva Jeremía?
- Hvað hefurðu lært af Jeremía?

# Jesús var alltaf hlýðinn

**Finnst þér alltaf auðvelt að hlýða foreldrum þínum?** – Stundum er það erfitt. **Vissirðu að Jesús hlýddi bæði Jehóva og foreldrum sínum?** – Fordæmi hans getur hjálpað þér að hlýða foreldrum þínum, líka þegar þér finnst það erfitt. Við skulum líta aðeins betur á fordæmi hans.

Áður en Jesús kom til jarðar var hann á himnum hjá Jehóva, föður sínum. En Jesús átti líka foreldra hér á jörðinni. Þau hétu Jósef og María. **Veistu hvernig þau urðu foreldrar hans?** –

Jehóva flutti líf Jesú frá himnum og setti það inn í Maríu svo að Jesús gæti fæðst og lifað á jörðinni. Þetta var krafta-

verk! Jesús óx inni í Maríu alveg eins og önnur börn vaxa inni í móður sinni. Um níu mánuðum seinna fæddist Jesús. Þannig urðu María og Jósef, maðurinn hennar, foreldrar Jesú á jörðinni.

Þegar Jesús var 12 ára gerði hann nokkuð sem sýndi hve heitt hann elskaði Jehóva, föður sinn. Jesús og fjölskylda hans ferðuðust langa leið til Jerúsalem til að halda páskahátíðina. Á leiðinni heim leituðu Jósef og María að Jesú en fundu hann hvergi. **Veistu hvar hann var?** –

Jósef og María flýttu sér aftur til Jerúsalem og leituðu alls staðar að Jesú. Þau voru mjög áhyggjufull vegna þess að þau fundu hann hvergi. En eftir þrjá daga fundu þau hann loksins í musterinu. **Af hverju var Jesús í musterinu?** – Af því að þar lærði hann um Jehóva, föður sinn. Hann elskaði Jehóva og vildi fá að vita hvernig hann gæti glatt hann. Jafnvel þegar Jesús var orðinn fullorðinn hlýddi hann alltaf Jehóva. Jesús hlýddi meira að segja þegar það var erfitt fyrir hann og þó að hann þyrfti að þjást. **Hlýddi Jesús líka Jósef og Maríu?** – Já, í Biblíunni segir að hann hafi gert það.


**Hvað geturðu lært af Jesú?** – Þú verður að hlýða foreldrum þínum, líka þegar það er erfitt. **Ætlar þú að gera það?** –

## LESTU Í BIBLÍUNNI ÞÍNNI

Lúkas 1:30-35; 2:45-52

Efesusbréfið 6:1

Hebreabréfið 5:8




Af hverju var Jesús í musterinu?

**SPURNINGAR:**

- Hvernig urðu Jósef og María foreldrar Jesú á jörðinni?
- Hvar var Jesús þegar foreldrar hans fundu hann loksins?
- Hvað geturðu lært af Jesú?



# Þeir skrifuðu um Jesú



Hvaða menn eru þetta?

**Hvaða menn eru þetta myndinni?** – Þeir heita Matteus, Markús, Lúkas, Jóhannes, Pétur, Jakob, Júdas og Páll. Allir þessir menn voru uppi á sama tíma og Jesús og skrifuðu um hann. Við skulum kynnst þeim betur.

Þrír þeirra voru postular sem prédikuðu með Jesú. **Veistu hvað þeir hétu?** – Matteus, Jóhannes og Pétur. Postularnir **Matteus** og **Jóhannes** þekktu Jesú mjög vel og skrifuðu báðir bók í Biblíuna um ævi hans. Jóhannes



postuli skrifaði líka aðra bók sem heitir Opinberunarbókin og þrjú bréf, fyrsta Jóhannesarbréf, annað Jóhannesarbréf og þriðja Jóhannesarbréf. **Pétur** postuli skrifaði tvö bréf í Biblíuna, fyrra Pétursbréf og síðara Pétursbréf. Í síðara bréfinu skrifaði Pétur um það þegar Jehóva talaði frá himni og sagði um Jesú: „Þetta er sonur minn. Ég elska hann og ég er stoltur af honum.“

Hinir mennirnir á myndinni segja okkur líka frá Jesú í bókunum sem þeir skrifuðu. Einn þeirra hét **Markús**. Hugsanlega var hann viðstaddur þegar Jesús var handtekinn og sá allt sem átti sér stað. Enn annar hét **Lúkas**. Hann var læknir og varð líklega lærisveinn Jesú eftir að Jesús dó.

Á myndinni sérðu líka tvo biblíuritari sem voru yngri bræður Jesú. **Veistu hvað þeir hétu?** – Þeir hétu **Jakob** og **Júdas**. Til að byrja með trúðu þeir ekki á Jesú. Þeir héldu meira að segja að hann væri eitthvað ruglaður. En seinna trúðu þeir á Jesú og gerðust lærisveinar hans.

Síðasti biblíuritarinn, sem þú sérð á myndinni, er **Páll**. Áður en hann gerðist lærisveinn Jesú hét hann Sál. Hann

hataði þá sem trúðu á Jesú og var mjög vondur við þá. **En veistu af hverju Páll vildi síðar verða lærisveinn Jesú?** – Dag einn þegar Páll var á leiðinni til Damaskus heyrði hann einhvern kalla á sig frá himni. Það var Jesús! Hann spurði Pál: „Af hverju ertu svona vondur við þá sem trúa á mig?“ Eftir það breyttist Páll og varð lærisveinn Jesú. Páll skrifaði 14 bækur í Biblíuna, það er að segja öll bréfin frá Rómverjabréfinu til Hebreabréfsins.

**Við lesum í Biblíunni á hverjum degi, er það ekki?** – Þegar við lesum í Biblíunni lærum við margt um Jesú. **Langar þig til að læra meira um Jesú?** –



#### SPURNINGAR:

- Hverjir voru postular af þeim sem skrifuðu um Jesú?
- Hvaða tveir biblíuritarar voru bræður Jesú?
- Af hverju vildi Páll verða lærisveinn Jesú?

## Frændi Páls var hugrakkur

Við skulum nú lesa um ungan mann sem bjargaði lífi frænda síns. Frændi hans hét Páll en við vitum ekki hvað ungi maðurinn hét. Við vitum samt að hann var mjög hugrakkur. **Langar þig til að vita hvað hann gerði? –**

Páll postuli var í fangelsi í Jerúsalem. Hann hafði verið tekinn fastur fyrir að segja fólki frá Jesú. En nokkrir vondir menn hötuðu Pál og vildu drepa hann. Þeir sögðu: „Biðjum herforingjann að láta hermennina sína koma með Pál í dómshúsið. Förum svo og felum okkur við veginn og þegar Páll kemur skulum við ráðast á hann og drepa hann.“

Frændi Páls frétti af þessu. En hvað átti hann að gera? Hann fór til Páls í fangelsið og sagði honum hvað vondu mennirnir ætluðu að gera. Páll bað hann að fara strax og segja herforingjanum frá þessu. **Heldurðu að það hafi verið auðvelt fyrir frænda Páls að tala við herforingjann? –** Það var ekki auðvelt því að herforinginn var mjög völdugur. En frændi Páls var hugrakkur og talaði við herforingjann.

Herforinginn vissi hvað var best að gera. Hann fékk næstum 500 hermenn til að vernda Pál og sagði þeim að fara með hann til Sesareu strax um kvöldið. **Tókst þeim að bjarga Páli? –** Já, vondu mennirnir náðu ekki að drepa hann. Leynibrall þeirra mistókst.

**Hvað geturðu lært af þessari frásögu? –** Þú getur verið hugrakkur alveg eins og frændi Páls. Við þurfum að vera hugrökk þegar við segjum fólki frá Jehóva. **Ætlar þú að vera hugrakkur og segja öðrum frá Jehóva? –** Ef þú gerir það gætirðu bjargað lífi einhvers.

### LESTU Í BIBLÍUNNI ÞINNI

Postulasöguna 23:12-24

Matteus 24:14; 28:18-20

1. Tímóteusarbréf 4:16





Frændi Páls sagði Páli og herforingjanum frá því sem vondu mennirnir ætluðu að gera.



**SPURNINGAR:**

- Hvað ætluðu vondu mennirnir að gera Páli?
- Hvað gerði frændi Páls? Af hverju þurfti hann að vera hugrakkur?
- Hvernig getur þú verið hugrakkur eins og frændi Páls?

## Tímóteus langaði til að hjálpa fólki

Unga manningum Tímóteusi fannst gaman að hjálpa öðrum. Hann fór til margra borga til að hjálpa fólki. Á þessum ferðum gerðist margt sem var ánægjulegt og spennandi. **Langar þig til að vita meira um það? –**

Tímóteus átti heima í borg sem hét Lýstra. Lóis, amma hans, og Evnike, móðir hans, kenndu honum að elska Jehóva

frá því að hann var lítið barn. Þess vegna langaði hann til að hjálpa öðrum að kynnast Jehóva.

Þegar Tímóteus var ungur maður spurði Páll hvort hann vildi ferðast með sér til annarra borga til að hjálpa fólkinu þar að kynnast Jehóva. Tímóteus langaði svo mikið til að hjálpa fólki að hann sagði strax: „Já!“

**Móðir Tímóteusar og amma kenndu honum að elska Jehóva.**




Tímóteus fór með Páli til borgarinnar Þessaloníku í Makedóníu. Þeir þurftu að ganga langa leið og sigla með bát til að komast þangað. Þegar þeir komust loks á leiðarenda sögðu þeir fullt af fólki frá Jehóva. En margir urðu mjög reiðir og reyndu að meiða þá. Páll og Tímóteus þurftu þess vegna að flýja borgina og hjálpa fólki annars staðar að kynnast Jehóva.

Nokkrum mánuðum seinna bað Páll Tímóteus að fara aftur til Þessaloníku til að athuga hvernig gengi hjá trússystkinum þeirra. Tímóteus þurfti að vera mjög hugrakkur til að fara aftur til þessarar borgar þar sem fólkið hafði verið svo reitt. En hann fór samt því að hann hafði áhyggjur af trússystkinum sínum. Þegar hann kom aftur til Páls hafði hann góðar fréttir að færa. Vinir þeirra í Þessaloníku stóðu sig mjög vel.

Tímóteus starfaði með Páli í mörg ár. Páll skrifaði einu sinni að honum þætti mjög gott að senda Tímóteus til að hjálpa söfnuðunum. Tímóteus elskaði Jehóva og þótti vænt um aðra.

**Þykir þér vænt um aðra? Langar þig til að hjálpa þeim að kynnast Jehóva?** – Þá getur þú, eins og Tímóteus, fengið mörg spennandi og ánægjuleg verkefni.

**Tímóteus fékk mörg spennandi og ánægjuleg verkefni.**



#### SPURNINGAR:

- Hvar átti Tímóteus heima?
- Langaði Tímóteus til að ferðast með Páli? Hvers vegna?
- Hvers vegna fór Tímóteus aftur til Þessaloníku?
- Hvað þarftu að gera til að fá spennandi og ánægjuleg verkefni eins og Tímóteus?



## Ríki sem fer með stjórn yfir allri jörðinni



**Veistu hvaða ríki við ætlum að tala um?** – Það er ríki Guðs. Þegar þetta ríki tekur við stjórn yfir jörðinni verður henni breytt í paradís. **Langar þig til að vita meira um þetta ríki?** –

Í hverju landi er stjórnandi eða konungur. Og konungurinn ríkir yfir öllu fólkinu í landinu. **Veistu hver er konungur í ríki Guðs?** – Það er Jesús Kristur. Hann er á himnum. Bráðum verður hann konungur yfir öllum sem búa á jörðinni. **Heldurðu að lífið verði ánægjulegt þegar Jesús er konungur yfir allri jörðinni?** –

Já, lífið verður yndislegt! Í paradís verður ekkert ofbeldi og enginn fer lengur í stríð. Allir munu elska hver annan. Enginn verður veikur og enginn deyr. Blindir fá sjón, heyrnarlausir fá heyrn og þeir sem geta ekki gengið munu geta hlaupið og hoppað. Allir fá nóg að borða. Öll dýrin verða líka vinir og við getum leikið við þau. Fólk sem er dáið fær lífið aftur. Margir þeirra sem þú hefur kynnst í þessum bæklingi, eins og Rebekka, Rahab, Davíð og Elía, fá líka að lifa aftur. **Myndir þú vilja hitta þau þegar það gerist?** –



Hvað hlakkar þú mest til að gera í paradís?

Jehóva elskar þig og vill að þú sért glaður. Ef þú heldur áfram að læra um Jehóva og hlýða honum færðu að lifa að eilífu í paradís. **Langar þig til þess? –**

**LESTU Í BIBLÍUNNI ÞINNI**

Jesaja 2:4; 11:6-9; 25:8;  
33:24; 35:5, 6  
Jóhannes 5:28, 29; 17:3

**SPURNINGAR:**

- Hver er konungur í ríki Guðs?
- Yfir hverjum verður Jesús konungur?
- Hvernig verður lífið þegar Jesús ríkir yfir jörðinni?
- Hvað þarftu að gera ef þig langar til að lifa að eilífu í paradís?





© 2014  
Watch Tower Bible and Tract Society of Pennsylvania  
*Kenndu börnunum*

Útgefandi:

Vottar Jehóva

Prentað í febrúar 2014

Þetta rit er ekki til sölu. Útgáfa þess er þáttur í alþjóðlegri  
biblíufræðslu sem kostuð er með frjálsum framlögum.

Vitnað er í íslensku biblíuna frá 2007 nema annað sé tekið fram.

*Teach Your Children*

Icelandic (yc-IC)

Made in Britain by Watch Tower Bible and Tract Society of Britain  
(Registered in England as a Charity).

Made in Britain

Prentað í Bretlandi



yc-IC  
140519